



Borgarráð

Reykjavík, 10. febrúar 2025

FAS25020020

### **Lyngháls 5, leiga**

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki meðfylgjandi leigusamning við Reitir atvinnuhúsnæði ehf., kt. 530117-0300, um aðstöðu að Lynghálsi 5, Reykjavík.

#### **Greinargerð:**

Velferðarsvið hefur óskað eftir að eignaskrifstofa taki á leigu hluta húsnæðis að Lynghálsi 5 fyrir SmíRey, Smíðastofu Reykjavíkurborgar, sem flytur úr Arnarbakka 2.

- Smíðastofan er úrræði fyrir einhverfa einstaklinga. Þar er unnið að verkefnum eins og smíði leikfanga, listmuna og ýmis útistörf í nágrenni húsnæðisins.

Leigutími er tímabundinn frá 1. febrúar 2025 til 31. júlí 2025.

Leiguverð er 215.000 kr. á mánuði

Leiga rúmast innan fjárhagsramma Velferðarsviðs.

Virðingarfyllt,

Óli Jón Hertervig  
Fjármála- og áhættustýringarsvið  
Eignaskrifstofa

Hjálagt:

Leigusamningur, dags. 7. febrúar 2025

## Samningur um aðstöðuleigu

Reitir atvinnuhúsnæði ehf., kt. 530117-0300, Kringlunni 4-12 í Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefndur leigusali og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu í Reykjavík, f.h. Reykjavíkurborgar - eignasjóðs, kt. 570480-0149, Borgartúni 10-12 í Reykjavík, hér eftir í þessum samningi nefndur leigutaki, gera með sér svofelldan:

### aðstöðuleigusamning.

- Leigusali leigir leigutaka 81 m<sup>2</sup> rými, merkt 232-0108, að Lynghálsi 5 í Reykjavík. Hið leigða er leigt sem iðnaðarbil. Fasteignanúmer hins leigða samkvæmt Fasteignaskrá Íslands er hluti af F2044222.
- Leigusamningur þessi er tímabundinn og hefst leigutími þann 1. febrúar 2025 og lýkur þann 31. júlí 2025. Leigusamningi þessum lýkur á umsömdum degi án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila.
- Tengiliður leigutaka er: Daniela Katarzyna Zbikowska.  
Tölvupóstur: daniela.kz@reykjavik.is.  
Farsími: 620-3871.
- Leiguverð fyrir hið leigða er kr. 215.000.- á mánuði. Virðisaukaskattur leggst ekki ofan á ofangreinda upphæð.
- Gjalddagi leigunnar er 1. hvers mánaðar og greiðist fyrirfram. Reikningar leigusala skulu berast leigutaka eigi síðar en 25. dag næsta mánaðar á undan. Húsaleiga er innheimt með útsendum reikningum af hálfu leigusala. Reikninga skal senda á Reykjavíkurborg Eignasjóð, kt. 570480-0149, b/t borgarþókhalds Borgartúni 10-12 í Reykjavík eða á bokhald@reykjavik.is.
- Rafmagn, hiti og annar sameiginlegur kostnaður er innifalinn í leiguverðinu.
- Leigutaka er heimilt án sérstaks samþykkis leigusala að framleigja hið leigða að hluta eða í heild til annarra sviða Reykjavíkurborgar eða ríkisstofnana, enda sé eðli stafsemi þeirra sambærileg við núverandi starfsemi. Ábyrgð leigutaka gagnvart leigusala skal þó í engu skerðast við það. Leigutaka er óheimilt að stofna til réttinda til handa þriðja aðila yfir réttindum sínum skv. samningi þessum, t.d. með veðsetningu, nema með samþykki leigusala.
- Hið leigða leigist í núverandi ástandi. Eldri og nýjar fastar innréttingar sem leigutaki kann að kosta, með leyfi leigusala, skulu að loknu leigutímabili vera eign leigusala og er óheimilt að fjarlægja þær án hans leyfis. Sama gildir ef leigutaki fer úr húsnæðinu áður en leigutímabili lýkur.
- Leigutaki ber ábyrgð á tjóni á hinu leigða samkvæmt ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 og almennum reglum skaðabótalaga.
- Hinu leigða skal skilað í sambærilegu ásigkomulagi við upphaf leigusamnings þessa, að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar.

Um samskipti leigusala og leigutaka og um réttindi og skyldur hvors um sig gilda, að öðru leyti en í samningi þessum greinir og eftir því sem við getur átt, ákvæði húsaleigulaga nr. 36/1994 með áorðnum breytingum. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Ábyrgðaraðili leigutaka, f.h. Reykjavíkurborgar, skrifar undir samning þennan með fyrirvara um samþykki borgarráðs.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan með rafrænni undirritun í samræmi við lög um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti nr. 55/2019.

F.h. Reita atvinnuhúsnæðis ehf.  
(sjá rafræna undirritun)

F.h. Reykjavíkurborgar  
(sjá rafræna undirritun)